

Lífeyrissjóður starfsmanna
Búnaðarbanka Íslands hf.
Ársreikningur 2011

Lífeyrissjóður starfsmanna
Búnaðarbanka Íslands hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Kt. 510169-4339

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8
Fylgiskjal: Úrdráttur úr fjárfestingastefnu	14

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ) er samtryggingasjóður. Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er nú gefinn út að nýju og kemur í stað ársreiknings sem áritaður var af stjórn sjóðsins og endurskoðanda hans 27. apríl 2012. Í þessum breytta ársreikningi eru eignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar 2.096 millj. kr., eins og fram kemur í skýringu 24, en ekki 1.856 millj. kr. eins og ranglega hafði verið reiknað og birt í fyrri ársreikningi. Breytingin hefur áhrif á kennitölur um fjárhagsstöðu í skýringu 26, en breytir ársreikningnum ekki að öðru leyti.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu voru 64 millj. kr. vegna 114 sjóðfélaga, en þau voru 77 millj. kr. árið áður. Að auki fékk sjóðurinn 1,5 millj. kr. framlag úr ríkissjóði vegna jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 666 millj. kr., sem er 15% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 255. Hækkun lífeyrisgreiðslna er einkum vegna fjölgunar lífeyrisþega og breyttra samþykta sjóðsins.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 17.104 millj. kr. í árslok 2011. Á árinu hækkaði hún um 1.009 millj. kr. eða 6,3%. Nafnávöxtun ársins var 10,4%. Samkvæmt útreikningum tryggingafræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu skuldbindingar sjóðsins 16.562 millj. kr. Eignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar nema 2.096 millj. kr. þegar tekið hefur verið tillit til endurmats eigna og framtíðariðgjalda.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt eru eignir sjóðsins 12,7% hærri en heildarskuldbindingar hans og því þarf ekki að skerða réttindi sjóðfélaga. Í lögum nr. 129/1997 er bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að ekki sé skylt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins sé mismunur á milli eigna og skuldbindinga undir 15% árið 2011.

Engir starfsmenn eru hjá sjóðnum, en Arion banki hf. annast rekstur sjóðsins. Laun stjórnar námu 1,4 millj. kr. á árinu.

Árið 2011 var gott fyrir LSBÍ þegar á heildina er litið, en hækkun á verði verðtryggðra innlendra skuldabréfa, sem mynda stóran hluta eigna sjóðsins, skýrir ávöxtun sjóðsins að mestu leyti. Varfærin fjárfestingarstefna undanfarinna ára, og sú varúð sem gætt var með niðurfærslu eigna í kjölfar bankahrunsins, skilar sér í góðri ávöxtun LSBÍ á árinu. Auk þessa er tryggingafræðileg staða LSBÍ mjög sterk, líklega ein sú besta á landinu um þessar mundir, sem meðal annars má þakka fyrrnefndum atriðum.


Sjóðurinn hefur stefnt slitastjórn Kaupþings hf. fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur vegna 631 millj. kr. kröfu, sem lýst var í bú bankans á árinu 2009. Sjóðurinn krefst þess að krafan, sem er tilkomin vegna brostinna forsendna við afléttingu á bakábyrgð bankans á skuldbindingum sjóðsins árið 1998, verði samþykkt sem almenn krafa við skiptin. Kostnaður við málareksturinn nam 1,6 millj. kr. á árinu 2011.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris á árinu 2011 og efnahag hans 31. desember 2011 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. maí 2012.

Stjórn:



Framkvæmdastjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 11. maí 2012.

KPMG ehf.



Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		13.986	16.812
Iðgjöld launagreiðanda		50.423	60.520
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði		1.457	1.899
		<u>65.866</u>	<u>79.230</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	13	<u>665.734</u>	<u>577.506</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	8	48.996	31.596
Vaxtatekjur og gengismunur	9,14	1.689.340	1.131.111
Niðurfærsla verðbréfa, breyting	21	(97.653)	24.914
		<u>1.640.684</u>	<u>1.187.621</u>
Fjárfestingargjöld			
Umsýslubóknun	5,10	<u>7.362</u>	<u>7.104</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	10,15	<u>10.530</u>	<u>5.289</u>
Skattur á hreina eign sjóðsins	11	<u>13.934</u>	<u>0</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu			
Hrein eign frá fyrra ári		1.008.989	676.952
		<u>16.095.245</u>	<u>15.418.293</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	24	<u>17.104.234</u>	<u>16.095.245</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	2011	2010
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum		1.163.945	552.788
Verðbréf með föstum tekjum		15.408.827	14.931.065
Veðlán til sjóðfélaga		287.190	289.288
	18-22	<u>16.859.962</u>	<u>15.773.142</u>
Kröfur			
Ýmsar kröfur		<u>214.521</u>	<u>1.899</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán		<u>59.950</u>	<u>333.096</u>
	Eignir samtals	<u>17.134.433</u>	<u>16.108.137</u>
Skuldir			
Ýmsar skuldir	23	<u>30.198</u>	<u>12.892</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris	24	<u><u>17.104.234</u></u>	<u><u>16.095.245</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Inngreiðslur			
Iðgjöld		64.408	77.331
Fjárfestingartekjur		23.285	23.775
Afborganir verðbréfa		918.909	1.337.670
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		457.809	929.721
Seld verðbréf með föstum tekjum		1.359.498	869.296
		<u>2.823.909</u>	<u>3.237.792</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		709.897	577.506
Fjárfestingargjöld		7.362	7.104
Rekstrarkostnaður		8.817	3.822
		<u>726.076</u>	<u>588.433</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum		2.097.834	2.649.360
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		965.331	784.770
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		1.395.186	1.726.774
Ný veðlán		10.463	0
		<u>2.370.980</u>	<u>2.511.544</u>
(Lækkun) hækkun á sjóði og veltiinnlánnum	(273.146)	137.816
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>333.096</u>	<u>195.280</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>59.950</u>	<u>333.096</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. er með aðsetur að Borgartúni 19, Reykjavík. Sjóðurinn er hlutfallssjóður og hefur verið lokaður fyrir nýjum sjóðsfélögum frá árinu 1998. Sjóðsfélagar voru starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hf. í ársbyrjun 1998 og fluttu ekki réttindi sín í kjölfar þess að bankanum var breytt í hlutafélag.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, afleiðutengd skuldabréf og afleiðusamningar um hlutabréf og gjaldmiðla eru færðir á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þúsundum.

Ársreikningurinn er nú gefinn út að nýju og kemur í stað ársreiknings sem áritaður var af stjórn sjóðsins og endurskoðanda hans 27. apríl 2012. Í þessum breytta ársreikningi eru eignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar 2.096 millj. kr., eins og fram kemur í skýringu 24, en ekki 1.856 millj. kr. eins og ranglega hafði verið reiknað og birt í fyrri ársreikningi. Breytingin hefur áhrif á kennitölur um fjárhagsstöðu í skýringu 26, en breytir ársreikningnum ekki að öðru leyti.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins samþykktu ársreikninginn þann 11. maí 2012.

3. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 12.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og rekstrargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

6. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilgreinum sem hafa borist sjóðnum.

7. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, þ.e. ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Einnig greiðir sjóðurinn dánarbætur.

8. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga í gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

9. Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

10. Rekstrarkostnaður

Arion banki hf. greiðir rekstrarkostnað sjóðsins, en sjóðurinn greiðir sjálfur umsýsluþóknun, eftirlitsgjöld, endurskoðun og tryggingafræðilega úttekt.

11. Skattur á hreina eign sjóðsins

Alþingi setti í desember 2011 lög um sérstakan skatt á hreina eign lífeyrissjóða. Samkvæmt lögnum er skatturinn 0,0814% af hreinni eign til greiðslu lífeyris í árslok 2011 og 2012.

12. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði, sé það lægra. Hlutdeildarskírteini og aðrir eignarhlutar í sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar eru færðar á markaðsvirði hvort sem um er að ræða skráð eða óskráð bréf.

Verðbréf með föstum tekjum eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni.

Verðbréfasafn sjóðsins er yfirfarið reglulega til að meta hvort virði óskráðra eigna hafi rýrnað. Við matið eru sérstakar áhættur metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim eignum sem kunna að tapast. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi frá einstökum verðbréfum eða safni verðbréfa áður en lækkunin verður merkjanleg á einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi.

Lífeyrir

13. Greiddur lífeyrir:

	2011	2010
Ellilífeyrir	571.026	489.080
Makalífeyrir	79.821	75.645
Örorkulífeyrir	13.586	11.320
Barnalífeyrir	571	557
Dánarbætur	731	904
Lífeyrir samtals	665.734	577.506

Skýringar, frh.:

Fjárfestingartekjur

14. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:

Markaðsskuldabréf	1.590.498	1.070.375
Veðskuldabréf	26.407	19.438
Hlutdeildarskírteini	62.589	23.153
Aðrar vaxtatekjur	9.846	18.145
Vaxtatekjur og gengismunur samtals	<u>1.689.340</u>	<u>1.131.111</u>

Rekstrarkostnaður

15. Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

	2011	2010
Laun og launatengd gjöld	1.643	0
Endurskoðun og gerð reikningsskila	1.667	794
Tryggingafræðingur	1.606	1.614
Lögfræðikostnaður	1.576	0
Fjármálaeftirlitsgjald	3.395	2.801
Annar kostnaður	643	79
Rekstrarkostnaður samtals	<u>10.530</u>	<u>5.289</u>

16. Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

Laun stjórnarmanna	1.400	0
Lífeyrisiðgjöld	112	0
Tryggingargjald	131	0
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.643</u>	<u>0</u>

Laun stjórnarmanna sundurliðast þannig:

Sigurbjörg Björnsdóttir, formaður stjórnar	600	0
Lára Jóhannsdóttir	400	0
Tryggvi E. Geirsson	400	0
Samtals	<u>1.400</u>	<u>0</u>

17. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:

Endurskoðun ársreiknings	1.167	556
Gerð ársreiknings	500	238
Samtals	<u>1.667</u>	<u>794</u>

Eignir

18. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Hlutabréf		
Innlend hlutabréf, skráð	245.275	0
Innlend hlutabréf, óskráð	189.888	36.293
Erlend hlutabréf, skráð	80.486	125.992
	<u>515.649</u>	<u>162.286</u>
Hlutdeildarskírteini		
Innlendir verðbréfasjóðir, ríkistryggð skuldabréf	492	6.945
Innlendir verðbréfasjóðir, skuldabréfasjóðir	361.282	93.978
Innlendir verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir	239.615	242.663
Erlendir verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir	46.908	46.917
	<u>648.297</u>	<u>390.503</u>
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	<u>1.163.945</u>	<u>552.788</u>

Skýringar, frh.:

19. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð	13.424.695	13.572.946
Skuldabréf lánastofnana	637.861	645.524
Skuldabréf sveitarfélaga	95.579	77.140
Skuldabréf fyrirtækja	1.250.691	635.456
Verðbréf með föstum tekjum samtals	<u>15.408.827</u>	<u>14.931.065</u>

Áætlað markaðsverð bréfanna var 17.806 millj. kr. í árslok 2011.

20. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	1.043.270	120.675	1.163.945
Verðbréf með föstum tekjum	14.950.617	458.210	15.408.827
Veðlán	287.190	0	287.190
Samtals	<u>16.281.077</u>	<u>578.885</u>	<u>16.859.962</u>

21. Niðurfærsla verðbréfa greinist þannig:

	2011	2010
Niðurfærsla í ársbyrjun	76.283	215.117
Endanlega tapað	(54.440)	(113.920)
Niðurfærsla ársins, breyting	97.653	(24.914)
Niðurfærsla í árslok	<u>119.496</u>	<u>76.283</u>

22. Ávöxtun einstakra verðbréfaflokka var þannig á árinu 2011, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

	Raun- ávöxtun*
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	5,5%
Skuldabréf sveitarfélaga	1,9%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana	5,6%
Hlutdeildarskírteini	8,2%
Sjóðsfélagalán	4,2%
Skuldabréf fyrirtækja	(3,5%)

* Raunávöxtun:

Ávöxtun sjóðsins, umfram verðlagsbreytingar samkvæmt vísitölu neysliverðs, miðað við meðalstöðu verðbréfaflokka í upphafi og lok árs.

Skuldir

23. Ýmsar skuldir greinast þannig:

	2011	2010
Ógreidd staðgreiðsla af lífeyri	16.227	12.862
Ógreiddur skattur af hreinni eign sjóðsins	13.934	0
Aðrar skuldir	37	30
Ýmsar skuldir samtals	<u>30.198</u>	<u>12.892</u>

Skýringar, frh.:

Skuldbindingar

24. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur heildar lífeyrisskuldbinding sjóðsins 16.562 millj. kr. í árslok 2011 miðað við 2,0% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2011 er 18.658 millj. kr. eða 2.096 millj. kr. hærri. Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2011 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	17.104.234		17.104.234
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	1.321.800		1.321.800
Fjárfestingargjöld	(68.200)		(68.200)
Núvirði framtíðariðgjalda		300.300	300.300
Eignir samtals	18.357.834	300.300	18.658.134
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	13.426.400	484.600	13.911.000
Örorkulífeyrir	175.300	38.600	213.900
Makalífeyrir	2.175.100	41.100	2.216.200
Barnalífeyrir	2.300	800	3.100
Dánarbætur	72.100	0	72.100
Rekstrarkostnaður	138.100	7.500	145.600
Skuldbindingar samtals	15.989.300	572.600	16.561.900
Eignir umfram skuldbindingar	2.368.534	(272.300)	2.096.234
Í hlutfalli af skuldbindingum	14,8%	(47,6%)	12,7%

Óvissar eignir

25. Sjóðurinn hefur stefnt slitastjórn Kaupþings hf. fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur vegna 631 millj. kr. kröfu, sem lýst var í bú bankans á árinu 2009. Sjóðurinn krefst þess að krafan, sem er vegna brostinna forsendna við afléttingu á bakabyrgð bankans á skuldbindingum sjóðsins árið 1998, verði samþykkt sem almenn krafa við skiptin. Ekkert er fært til eignar í ársreikningnum, enda óvissa um hvort málið vinnst og hvað fengist greitt upp í kröfuna. Kostnaður við málareksturinn nam 1,6 millj. kr. á árinu 2011.

Skýringar, frh.:

Kennitölur

26. Kennitölur:

	2011	2010	2009	2008	2007
Hrein raunávöxtun	4,7%	5,0%	4,5% (4,6%)	5,8%
Nafnávöxtun	10,4%	7,8%	13,5%	11,0%	12,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	3,0%	3,4%	5,4%	8,2%	11,5%
Meðaltal hreinnar nafnávöxtunar síðastliðin fimm ár	10,9%	11,6%	14,2%	16,1%	16,7%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin tíu ár	7,1%	6,4%	5,7%	6,7%	8,3%
Meðaltal hreinnar nafnávöxtunar síðastliðin tíu ár	13,3%	12,9%	12,3%	13,1%	13,1%
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	1,9%	2,7%	4,2%	7,2%	22,0%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	5,0%	0,8%	0,0%	0,0%	0,0%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	86,5%	88,8%	85,9%	86,0%	67,1%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	4,9%	5,9%	7,7%	4,3%	8,4%
Veðlán, óskráð	1,7%	1,8%	2,1%	2,5%	2,5%
Eignir í íslenskum krónum	96,6%	98,7%	98,2%	98,5%	97,9%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	3,4%	1,3%	1,8%	1,5%	2,1%
Fjöldi sjóðfélaga	98	123	130	166	173
Fjöldi lífeyrisþega	265	238	225	204	187
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	85,9%	84,8%	82,8%	83,9%	80,9%
Makalífeyrir	12,0%	13,1%	14,3%	12,6%	14,4%
Örorkulífeyrir	2,0%	2,0%	2,8%	3,4%	4,6%
Barnalífeyrir	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildarskuldbind- bindingar	12,7%	14,7%	13,5%	5,9%	0,3%
Hrein eign umfram áfallnar skuld- bindingar	14,8%	17,8%	16,8%	9,0%	3,5%
Skilgreiningar:					
Hrein raunávöxtun	Raunávöxtun þegar kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið dreginn frá.				
Fjöldi sjóðfélaga	Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.				
Fjöldi lífeyrisþega	Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.				

Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. 2011 (úrdráttur)

Forsendur fjárfestingastefnu

Eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 9. gr. samþykktta sjóðsins og samkvæmt nánari reglum Fjármálaeftirlitsins.

Um fjöllum um réttindakerfi

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta launa sinna og örorka er metin a.m.k. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga.

Sjóðfélagi sem orðinn er 65 ára á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum sem miðast við meðallaun síðustu fimm almanaksár hans í starfi miðað við fullt starf. Umreikningur miðast við breytingu launavísitölu. Einnig er mögulegt að flýta töku lífeyris til 60 ára aldurs, en þá skerðast greiðslur samkvæmt samþykktum sjóðsins. Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í sama hlutfalli og launavísitala. Fyrir hvert starfsár í fullu starfi ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 2,125% af launaviðmiðun og fyrir hlutastarf samsvarandi. Sjóðfélagi sem hefur öðlast samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur þegar 60 ára aldri er náð hafið töku lífeyris án skerðingar áunninna réttinda. Gert er ráð fyrir því að allir sjóðfélagar sem eiga þess kost muni nýta sér þessa 95 ára reglu.

Réttindi þeirra sem höfðu látið af störfum hinn 31. desember 1997 og áttu geymd réttindi vegna meira en sex ára starfs miðast við áunninn lífeyrisrétt 7. - 9. greinar reglugerðar eftirlaunastjóðs bankans frá 24. mars 1992. Stjórn sjóðsins úrskurðaði viðmiðunarlaun í desembermánuði 1997, sem síðan breytast í hlutfalli við breytingu launavísitölu.

Auk þessa eiga erfingjar sjóðfélaga í starfi og erfingjar þeirra sem eiga geymd réttindi vegna meira en sex starfsára og erfingjar lífeyrisþega rétt til eingreiðslu við fráfall sjóðfélaga.

Samantekt þessi um ákvæði samþykktta sjóðsins er ekki tæmandi og er um nánari upplýsingar vísað í samþykktirnar sjálfar um skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og iðgjaldagreiðslur.

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhættu hjá Okkar líftryggingum hf.

Skipting verðbréfaeignar sjóðsins skal í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru hér í töflunni að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

Fjárfestingarstefna

	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	0%	0-25%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	83%	60-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	3%	0-10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	5%	0-10%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	1%	0-10%
Hlutabréf	4%	0-15%
Hlutir eða hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	1%	0-5%
Önnur verðbréf	3%	0-25%
Samtals:	100%	
Hlutabréf	4%	0-15%
Skráð innlend hlutabréf	2%	0-5%
Óskráð innlend hlutabréf	2%	0-5%
Erlend hlutabréf	0%	0-5%
Önnur verðbréf	3%	0-25%
Skuldabréf fyrirtækja	3%	0-15%
Erlend skuldabréf	0%	0-10%
Annað	0%	0-10%

Fylgiskjal, frh.:

Ef fjárfest er í sjóðum eða afleiðum taka viðmiðin til undirliggjandi eigna. Í þeim tilvikum sem fjárfest er í erlendum myntum er heimilt að nota gjaldeyrisvarnir með því markmiði að draga úr áhættu af gengisbreytingum erlendra gjaldmiðla. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð a.m.k. árlega og getur hún breyst skv. ákvörðun stjórnar að undangenginni tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.